

Nd.

198. Breytingartillögur

[19. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Við 3. gr. bætist:

Um iðnám fer eftir námsskrá, sem sett er af menntamálaráðherra samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og skal þar kveðið á um samstarf atvinnulífs og skóla, sem annast iðnfræðslu. Um atvinnuréttindi þessara nemenda að námi loknu gilda sömu ákvæði og um aðra iðnnema.

Um annað nám við fjölbrautaskóla, er réttindi veita, skal farið eftir námskrá, sem sett er að fengnum tillögum þeirra aðila, er hafa með höndum veitingu réttinda.